



- Spurt um áhuga íslenskra hagsmunaaðila -

Alþjóðleg nefnd um fiskvinnslu, veiðar og eldi

Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO hafa nýlega stofnað tækninefndina ISO/TC 234 Fisheries and aquaculture, sem á að semja staðla á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og fiskeldis. Þetta var gert að frumkvæði Norðmanna sem hafa tekið að sér að stýra vinnunni. Íslendingar taka virkan þátt í nefndinni.

Fundur í Bergen í október

Auk Íslendinga og Norðmanna hafa 7 lönd skráð sig sem virka þátttakendur í starfinu, en þau eru Kanada, Indland, Malasía, Suður-Afríka, Tæland, Bretland og Víetnam. Fjórtán lönd til viðbótar hafa skráð sig sem aukaaðila, þar á meðal hin Norðurlöndin, Þýskaland, Spánn, Japan, Argentína og Brasilía.

Nefndin mun semja staðla sem

- auðvelda sjálfbæra þróun í sjávarútvegi og fiskeldi,
- bæta alþjóðlega vöktun og stjórnun auðlinda sjávar,
- veita nákvæmar lýsingar á tæknilegum búnaði,
- eru tæki til að tryggja umhverfisvernd,
- bæta heilbrigði og velferð eldisdýra,
- auðvelda rekjanleika sjávar- og eldisafurða,

- samræma skráningu, dreifingu og notkun tölulegra framleiðslugagna,
- tryggja alþjóðlegt samþykki aðferða við sýnatöku og greiningu,
- bæta öryggi starfsmanna,
- tryggja samræmda notkun hugtaka.

Stefnt er að því að halda fyrsta fund nefndarinnar í Bergen um miðjan október. Á þeim fundi verður verkefni nefndarinnar skilgreint nánar, verkefnalisti samþykktur, kosinn formaður og skipað í vinnuhópa.

Ræðst af áhuga og viðbrögðum hagsmunaaðila

Stjórn Staðlaráðs taldi eðlilegast að sett yrði á stofn nýtt fagstaðlaráð, í samræmi við starfsreglur Staðlaráðs, til að annast þátttöku í þessu alþjóðlega starfi, samræma afstöðu íslenskra hagsmunaaðila og skipuleggja vinnu þeirra. Undirbúningshópur var settur á stofn sem í eiga sæti fulltrúar frá LÍÚ, Samtökum fiskvinnslustöðva, Matís, Fiskistofu, FÍS og stjórn Staðlaráðs. Hópurinn er að semja starfsreglur fyrir væntanlegt fagstaðlaráð og kanna áhuga hagsmunaaðila á að taka þátt í starfinu og ganga til liðs við Staðlaráð.

Til að hægt verði að stofna fagstaðlaráð á aðalfundi Staðlaráðs í lok maí þurfa þeir



Íslendingar taka þátt í tækninefndinni um fiskvinnslu, veiðar og eldi.

hagsmunaaðilar sem vilja taka þátt í starfinu (og ekki eru þegar aðilar að Staðlaráði) að sækja um inngöngu í Staðlaráð sem fyrst. Fagstaðlaráðið verður ekki stofnað nema 15-20 aðilar séu reiðubúnir að taka þátt í því og leggja eitthvað af mörkum.

Staðlaráð tekur út af fyrir sig ekki afstöðu til þess hvort eða hvernig skuli taka þátt í alþjóðlegu staðlastarfi sem þessu. Hafi hagsmunaaðilar ekki áhuga á að leggja fram vinnu og fjármagn þá verður ekkert af íslenskri þátttöku í starfinu. Þeir alþjóðlegu staðlar sem nefndin mun semja munu þá ekki taka mið af íslenskum hagsmunum eða aðstæðum, sem getur þýtt verri markaðsstöðu íslenskra afurða, tækja og búnaðar.

Námskeið 9. og 10. maí

Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 17799

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

Viðhorfskönnun - bls. 2

Öryggi upplýsinga - bls. 3

Kynbundið launamisrétti - bls. 4

- Staðráðin í að gera betur -

Viðhorfskönnun meðal viðskiptavina Staðlaráðs

Staðlaráð fékk fyrirtækið Lausnir ehf. til þess að gera viðhorfskönnun meðal viðskiptavina sinna. Niðurstaðan var í meginatriðum mjög jákvæð en líka komu fram atriði sem gefa tilefni til þess að gera betur. Starfsfólk Staðlaráðs er staðráðið í því en hér á eftir fer samantekt skýrslunnar frá Lausnum.

Samantekt

„Þegar viðmælendur voru spurðir hvað þeim kæmi fyrst í hug þegar Staðlaráð er nefnt á nafn svaraði rúmlega helmingur því til að það væru staðlarnir. Tæpur fjórðungur kvað góða þjónustu, gott skipulag og starfsfólk Staðlaráðs koma fyrst upp í hugann. Rúmur tíundi hluti aðspurðra nefndi aðgang að stöðlum og utanumhald og útgáfu á þeim. Þegar spurt var um sterkar hliðar Staðlaráðs nefndu rúm fjörutíu prósent aðgang að stöðlum, utanumhald um þá og útgáfu þeirra. Tæpur þriðjungur nefndi góða þjónustu, lipurð og flýti og tæplega tíundi hluti aðspurðra nefndi traust og gott skipulag og að ráðið væri öflugt. Um sjötti hluti aðspurðra hafði ekki svar þegar spurt var um sterkar hliðar. Þegar spurt var um veikar hliðar ráðsins dreifðust svörin mjög. Rúmur tíundi hluti nefndi skort á aðgengi á internetinu og jafn hátt hlutfall nefndi dýra staðla. Tæpur tíundi hluti aðspurðra nefndi heimasíðuna og tölvukerfið. Svipaður fjöldi nefndi flókið aðgengi og erfiðleika með að nálgast staðlana. Rúm fjörutíu prósent aðspurðra höfðu ekki svar þegar spurt var um veika hlið.

Nær allir þeir sem spurðir voru kváðust ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustu Staðlaráðs. Það sem viðmælendum líkaði við þjónustuna var fljót og skilmerkileg afgreiðsla á fyrirspurnum og hve starfsfólkið legði sig vel fram í því að leysa úr málum fyrir viðskiptavininn. Þá er þjónustan talin persónuleg og viðmót starfsfólksins alfarið talið mjög gott eða gott. Það sem

Hver er reynsla þín af þjónustu Staðlaráðs almennt?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:

Mjög góð.	42%
Góð	56%
Þokkaleg.	2%
Frekar slæm	0%
Mjög slæm	0%



viðmælendum fannst að betur mætti fara í þjónustunni var þegar vantar á um aðgengi að stöðlum og útvegum þeirra í gegnum netið á tölvutæku formi. Þá er nefnt að staðlarnir séu dýrir og að það þurfi að koma kostnaðinum niður, einnig kemur fram að viðmælendum finnst að Staðlaráð mætti kynna sig meira útávið og þær nýjungar sem fram koma á sviði staðlamála. Almennt eru þeir sem spurðir voru mjög ánægðir eða ánægðir með þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem starfsmenn Staðlaráðs láta í té. Aðspurðir um hvað skipti mestu máli í þjónustu Staðlaráðs nefndi rúmur þriðjungur að það sé að staðlarnir séu til staðar og aðgengi að stöðlum og upplýsingum. Tæpur þriðjungur nefndi skjóta afgreiðslu og lipurð við útvegum staðlanna. Tæpur fjórðungur nefndi þekkingu, fagmennsku og réttar upplýsingar. Rúmur helmingur þeirra sem spurðir voru kváðust lesa Staðlamál, fréttabréf Staðlaráðs. Þeir sem kváðust lesa fréttabréfið voru spurðir um reynslu sína af því og töldu þrjú fjórðu þeirra að hún væri góð eða mjög góð en um fjórðungur að hún væri þokkaleg. Tæp níutíu [prósent] kváðust nýta sér heimasíðu Staðlaráðs. Aðspurðir um reynslu sína af því lýstu um tveir þriðju þeirra góðri eða mjög góðri reynslu en aðrir sögðu almennt að reynslan væri aðeins þokkaleg.

[...] Þessar niðurstöður og ekki hvað síst hin fjölmörgu ummæli sem svörinum fylgja gefa góða innsýn í viðhorf viðskiptavina; hvað það er sem þeir eru ánægðir með og hvað þeir vilja að gert sé til þess að mæta þörfum þeirra betur. [...] Aðalatriðið með því að gera könnun sem þessa er ekki að fá upplýsingarnar í hendur, heldur hvernig þær eru nýttar til þess að lagfæra það sem betur má fara og færa sér í nyt jákvæðar ábendingar.

SI-KERFIÐ



Leiðbeiningar um SI-einingarnar og notkun þeirra.

ÓMISSANDI uppláttarrit við nám og kennslu og dagleg störf í tæknigreinum.

- ÍST ISO/IEC 17799 og ÍST ISO/IEC 27001 -

Reynsla Teris af stjórnkerfi upplýsingaöryggis

Förveri Teris, Tölvumiðstöð sparisjóðanna, var stofnaður í mars 1989. Í upphafi þjónaði Tölvumiðstöðin eingöngu hlutverki tölvudeildar sparisjóðanna. Smám saman fjölgaði eigendum og viðskiptavinum og í dag gegnir Teris mikilvægu hlutverki sem upplýsingatæknisvið margra fyrirtækja auk allra sparisjóða landsins. Árið 2002 var mörkuð stefna þar sem ákveðið var að bjóða lausnir fyrirtækisins út fyrir eigendahópinn. Stjórnendum fyrirtækisins var ljóst mikilvægi þess að stjórna upplýsingaöryggi til að tryggja gögn og upplýsingar fyrirtækisins og viðskiptavina. Því var ákveðið að innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt staðli sem nú heitir ÍST ISO/IEC 27001.

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis - Innleiðing

Innleiðingarferlinu var skipt niður í nokkra verkþætti. Sá fyrsti fólst í að fá aðstoð frá KPMG ráðgjöf við að kanna viðhorf meðal viðskiptavina Teris. Megintilgangur könnunarinnar var að finna helstu styrkleika og veikleika fyrirtækisins áður en byrjað væri að innleiða stjórnkerfið. Því næst var hafist handa við að búa til öryggisstefnu. Til að verkefnið fengi forgang innan fyrirtækisins var ákveðið að stjórnunarteymi Teris markaði stefnuna. Tekist var á um ýmsa hluti og oft þurfti að taka stórar ákvarðanir um breytingar á rekstrarumhverfi Teris. Öryggisstefnan var samþykkt af stjórn og undirrituð af framkvæmdastjóra í maí 2003.

Undirrituð öryggisstefna var kynnt fyrir starfsmönnum og viðskiptavinum og markmiðið var strax frá upphafi að fá vottun á stjórnkerfið samkvæmt staðlinum. Seinna kom í ljós að það féll vel að leiðbeinandi tilmælum um rekstur upplýsingakerfa hjá eftirlitskyldum aðilum sem Fjármálaeftirlitið gaf út árið 2005.

Uppbygging verkferla var yfirfarin og borin saman við þær aðferðir sem staðallinn gerir kröfur um, allt frá ráðningarferli nýrra starfsmanna til tæknilegar uppbyggingar upplýsingakerfa Teris. Meðal annars voru teknar ákvarðanir um að endurhanna hluta af tæknilegu umhverfi fyrirtækisins og þurfti rekstrarsviðið að marka sér stefnu og áætlun í þeim málum.

Í innleiðingarferlinu komu tímar þar sem verkefnið gekk vel en einnig tímar þar sem innleiðingin gekk hægar en gert var ráð fyrir. Á heildina litið tóku allir starfsmenn þessum breytingum á vinnuáferðum mjög vel. Þegar farið var yfir verkferlana kom í ljós að í flestum tilfellum höfðu starfsmenn unnið eftir mjög skýrum ferlum þó að þeim hefði ekki verið komið skipulega fyrir í öryggishandbók.

Mikilvægt atriði í staðlinum er að starfsmenn fylgi settum verklagsreglum um breytingastjórn og að allt sem viðkemur breytingum sé skjalað. Það tók tíma að koma þeim breytingum í fastar skorður hjá Teris og enn koma fyrir frávik, en með góðu eftirliti fækkar þeim stöðugt.

Betri öryggisvitund starfsfólks

ÍST ISO/IEC 27001 gerir kröfu um ítarlega skráningu frávíka sem upp koma í rekstrarumhverfinu. Eitt af hlutverkum öryggisnefndar, en í henni sitja nokkrir úr stjórnunarteymi Teris, er að yfirfara þessi frávik og flokka eftir alvarleika. Mikilvægt er að teknar séu ákvarðanir sem miða að því að læra af frávikunum og finna lausnir sem koma í veg fyrir að þau komi fyrir aftur.

Stjórnunaraðferðir sem staðallinn gerir kröfur um hafa tvímælalaust styrkt stöðu Teris í öryggismálum. Öryggisvitund starfsmanna hefur aukist og almennur skilningur er á mikilvægi þess að fylgja þeim aðferðum og verkferlum sem innleiddir hafa verið í fyrirtækinu. Rekstrarumhverfið er öruggara



*Ingigerður Guðmundsdóttir,
forstöðumaður gæða- og öryggismála
hjá Teris.*

og við erum með skilvirkari stjórnun í öryggismálum.

Teris fékk vottun í júní árið 2006 hjá KPMG Audit Plc í Bretlandi. Samningur var gerður við þá til loka árs 2009 um úttektir á sex mánaða fresti. Úttekt verður næst gerð í lok þessa mánaðar.

Þegar horft er yfir farinn veg sjáum við hve mikið verk hefur verið unnið undanfarin ár til að tryggja betur öryggi gagna og upplýsinga í kerfum Teris og viðskiptavina þess. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu þá mælum við tvímælalaust með að fyrirtæki innleiði stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ÍST ISO/IEC 27001.



- Kynjastaðall -

Staðall til að uppræta kynbundið launamisrétti

Í lok síðasta árs tóku Ný-Sjálendingar Lforystu í staðlaheiminum. Þeir urðu fyrstir til að gefa út staðal sem miðar að því að tryggja starfsmönnum sanngjörn laun og sambærileg tækifæri í starfi - óháð kyni. Staðallinn heitir fullu nafni NZS 8007:2006 Gender-inclusive Job Evaluation.

Gegn vanahugsun

Í staðlinum er að finna leiðbeiningar sem vinnuveitendur geta fylgt skref fyrir skref þegar þeir leggja mat á störf starfsmanna sinna. Gefin eru góð ráð í sambandi við skipulagningu og undirbúning starfsmats og höfuðáhersla er lögð á að matsferlið sé gagnsætt og sanngjarnt með tilliti til beggja kynja. Auk þess eru í staðlinum leiðbeiningar um innri úttektir, en innri úttektir eru aðferð til að meta hvernig til hafi tekist við starfsmatið, hvort það í raun skili því sem að var stefnt.

Formaður tækninefndarinnar sem sá um gerð staðalsins, frú Philippa Hall, bendir á



að launamunur kynjanna stafi ekki af því að vinnuveitendur ætli sér að mismuna fólki eftir kyni. Mismunun eigi sér rætur í fordómum og vanahugsun um þætti eins og ábyrgð, hæfni og kröfur sem taldar eru tengjast tilteknum störfum. „Til dæmis má nefna störf þar sem konur eru fjölmennar, störf sem krefjast sömu hæfni og heimilisstörf; að elda mat, þrifa og annast um börn. Lítið er á hæfni til slíks sem „náttúrulega“ fremur en að hún hafi verið lærd - og þar með eru störfin vanmetin,”

segir frú Philippa Hall. David Shannon, sérfræðingur í starfsmati, segir staðalinn fela í sér bestu aðferðir sem tíðkaðar eru við mat á störfum í fyrirtækjum.

Íslenskur staðall?

Á Nýja-Sjálandi er tímakaup kvenna að meðaltali 85,3% af tímakaupi karla. Á Íslandi er óútskýrður launamunur karla og kvenna um 15%, körlum í hag. Það er spurning hvort íslensk samtök sem berjast fyrir jafnrétti kynjanna hafi áhuga á íslenskum staðli sem mætti nota til þess að vinna gegn kynbundnum launamun á kerfisbundinn hátt.

www.stadlar.is

Það er einfalt að finna og panta staðla.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú leikur þér í hoppukastala

Staðallinn ÍST EN 14960:2007 Inflatable play equipment - Safety requirements and test methods er einn fjölmargra íslenskra staðla sem hafa það að markmiði að auka öryggi leiktækja.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.